

Kennsluáætlun



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	LOKA3VE03
Kennari:	Hermann Hermannsson
Önn:	H2025
Áætlun unnin:	Ágúst 2025

Markmið:

Þekkingarmarkmið:

Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:

- ákveðnu sviði faggreinar sinnar; uppbyggingu, aðferðum, hugtökum, sérkennum og sögu

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- skipuleggja verkefni með ábyrgum og sjálfstæðum hætti
- sýna frumkvæði og skapandi nálgun
- lesa fræðilegan texta og vinna úr honum samkvæmt viðurkenndum reglum um meðferð heimilda
- beita viðeigandi aðferðum við útfærslu verkefnis
- tjá sig á skýran, ábyrgan, gagnrýninn og skapandi hátt um eigið verkefni
- velja viðeigandi miðlunaraðferð og beita henni af öryggi
- taka þátt í samvinnu þegar við á

Hæfnimarkmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- þróa hugmyndir og sýna sjálfstæði, áráðni og innsæi við útfærslu þeirra og túlkun
- greina, tjá sig um og meta eigin verkefni og annara af þekkingu, víðsýni og virðingu
- takast á við ný verkefni og breyta hugmynd í afurð
- vera meðvitaður um styrkleika sína
- átta sig á virði verkefnisins og menntunar sinnar fyrir samfélag og atvinnulíf
- standa að sýningu/viðburði og miðla þar verkefnum sínum

sem metið er með:

Sí- og leiðsagnarmat

Námsmat:	
Þetta er símatsáfangi sem byggir á leiðsagnarmati og jafningamati.	
Verkefnaeinkunn (100%):	
Lokaverkefni (50%)	Lokaverkefninu sjálfu er skilað inn þrisvar sinnum á önn. Öllum verkefnum, skriflegum og verklegum, fylgir einhverskonar fræðileg greinagerð, nema auðvitað ef verkefnið sjálft er ritgerð eða slíkt.
Rannsóknaráætlun (10%)	Nemendur þurfa að skila inn nákvæmri rannsóknar- og verkáætlun þar sem þau skipuleggja rannsóknarvinnu sína og framgang verkefnisins út frá kennsluáætlun.
Kynning á viðfangsefni (5%)	Um miðja önnina þurfa nemendur að kynna verkefnin sín í megindráttum fyrir samnemendum og mögulega fleirum
Málstofa í lok annar (10%)	Í lok annar eru lokaverkefni útskriftarefna kynnt á málstofu í matsal skólans. Það er skyldumæting í þá kynningu, fjarnemar kynna rafrænt eða skila inn upptöku ef þeir geta ekki mætt á staðinn.
Greinagerð um lokaverkefni (25%)	Greinagerð um framgang verkefnis og fræðilegan bakgrunn þess. Krafa gerð um tilvísanir í heimildir og faglega vinnu.

Skipulag náms:
Námstilhögun:
- Nemendur vinna eftir áætlun sem þeir setja sjálfir upp í upphafi annar. - Tíma vikunnar nota kennarar til að koma efni á framfæri og/eða ræða við nemendur um framvindu verkefnavinnunnar. Mikilvægt er að fjarnemar séu í góðum samskiptum við kennara yfir alla önnina. - I kennslustundum gera nemendur grein fyrir stöðu mála og leita aðstoðar hjá kennurum. - Nemendur skila lokaverkefni sínu af sér tvisvar sinnum yfir önnina til yfirlstrar og gilda þau skil til einkunnar og eru forsenda þess að lokaskil verkefnisins séu metin. Þannig er

lokaverkefni skilað þrisvar sinnum í heildina. **Skili nemandi ekki verkefninu þrisvar sinnum alls getur hann átt á hættu að ná ekki áfanganum.**

- Þá kynna nemendur verkefni sín á sérstökum viðburði í lok annar.

Um skilafrest verkefna:

- Skilafrestur er til miðnættis á föstudögum nema annað sé tekið fram.

Um próf:

- Áfanginn er próflaus

Áætluð Yfirferð

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð	Skil á verkefnum/kannanir
Vika 34 17. - 23. ágúst	18. ágúst – fyrsti kennsludagur	
Vika 35 24. - 30. ágúst	29. ágúst - val á viðfangsefni	
Vika 36 31.ág – 6. September	Áætlanagerð 5. september - verkáætlun	
Vika 37 7. - 13. september	12. september – Fyrstu drög	
Vika 38 14. - 20. september	Endurgjöf	
Vika 39 21. - 27. september	22. september – námsmatsdagur 26. september – kynningar á viðfangsefni	
Vika 40 28.sept. - 4. október		

Vika 41 5. - 11. október	Valtímabil hefst Önnur skil á lokaverkefni	
Vika 42 12. - 18. Október	17. október – námsmatsdagur	
Vika 43 19. – 25. október	20. - 21. október - Haustfrí	
Vika 44 26. október - 1. Nóvember		
Vika 45 2. - 8. nóvember	7. nóvember – námsmatsdagur Þriðju skil	
Vika 46 9. - 15. nóvember		
Vika 47 16. - 22. nóvember		
Vika 48 23. - 29. nóvember	Lokaskil á lokaverkefnum útskriftarnema	
Vika 49 30 nóv. - 1. desember		
Vika 50 7. - 13. desember	8. desember – Málstofa - Kynningar á lokaverkefnum 12. desember - námsmatsdagur	

Vika 51 14. - 20. desember	Námsmatsdagar 18. desember – Einkunnabirting 19. desember – Útskrift	
Vika 52 21. - 27. desember	Jólafrí	

Birt með fyrirvara um breytingar
Hermann Hermannsson